

Leikskólinn

Skerjagarður



Samantekt 2017- 2018

Starfsáætlun 2018 – 2019



Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla.....	4
1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári	5
2 Um innra mat í leikskólum.....	7
2.1 Greinargerð deildarstjóra.....	8
2.2 Skýrsla deildarstjóra: Ból	8
2.3 Greinargerð deildarstjóra.....	10
2.4 Skýrsla deildarstjóra: Bakka	10
3 Ytra mat	13
4 Greinargerð sérkennslustjóra.....	14
5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7 Foreldrasamvinna.....	21
8 Samstarf leik- og grunnskóla	23
9 Skipulagsdagar.....	23
10 Fylgigögn.....	24
10.1 Matsgögn.....	24
10.2 Umsögn foreldraráðs.....	24

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Leiðarljós skóla og frístundasviðs:

Að öll börn og ungmenni í borginni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.

Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi

Leikskólinn Skerjagarður

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13 er einkarekinn með þjónustusamning við Reykjavíkurborg.

Rekstraraðilar eru Sólís Harðardóttir leikskólakennari og Þórbjörn Sigurðsson.

Leikskólinn er aðili að Samtökum sjálfstæðra skóla.

Gleði – Frumkvæði – Sköpun

Einkunnarorð Skerjagarðs eru „staldaðu við og skoðaðu heiminn því það er ákveðin tilvera sem bíður eftir að vera uppgötvuð“. Höfum við það að leiðarljósi öllu okkar starfi.

1 Stutt greinargerð leikskólastjóra um starfið á síðasta ári

Leikskólinn Skerjagarður er tveggja deilda. Á síðasta skólaári voru 50 börn í skólanum, öll í heilsdagsvistun. Á Bóli sem er yngri deildin eru börn á aldrinum sextán mánaða til tveggja og hálfis árs. Á Bakka sem er eldri deildin eru börn á aldrinum tveggja og hálfis árs til sex ára.

Lögð er áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í öruggu umhverfi. Allt nám á að veita börnum ánægju og vekja áhuga á að læra meira.

Í nóvember var ytra mat á vegum skóla- og frístundasviðs á Skerjagarði. Það var einstaklega gott og gagnlegt að fá matið, við erum virkilega ánægð og stolt með niðurstöðurnar. Niðurstaða matsins var mikill viðurkenning fyrir okkar góða starf, þar kom skýrt fram að starfið einkennist að virðingu fyrir börnunum, styrkleikum þeirra og áhuga. Lýðræðislegum vinnubrögðum og fagmennsku starfsfólks sem ber hag barnanna að leiðarljósi. Það er mikil hvatning að þessir þættir komu svona vel út og voru sýnilegir í matinu því þessir þættir skipta okkur miklu máli hér á Skerjagarði.

Á síðasta skólaári unnum við markvisst eftir umbótaáætlun ársins á undan. Starfsmannahald var stöðugt, kennarar og annað starfsfólk sótti námskeið og fleira sem nýttist vel í starfi. Á þessu skólaári höfum við verið að vinna úr reynslunni sem við fengum þegar við fórum á námskeið í útikennslu í Brighton, eins erum við dugleg að kynna okkur hvernig aðrir leikskólar vinna með útikennslu.

Við erum ánægð með hvernig við erum búin að móta okkar áherlsur í útikennslu á skapandi og fjölbreyttan hátt. Enda er umhverfi Skerjagarðs mjög hvetjandi og heillandi til útikennslu. Markmiðið er að halda áfram og þróa betur útikennslu, þar sem nám barnanna er gert sýnilegt og við sem kennarar ýtum undir forvitni og áhuga barnanna á náttúrunni og umhverfinu. Nú erum við á þeim stað að við erum búin að sækja um styrk og leyfi til þess að fá færanlega kennslustofu í næsta nágrenni við leikskólann. Vonandi gengur sá draumur upp.

Í vetur var sérstaklega skoðað í starfi hvernig væri best að hafa lýðræði að leiðarljósi, kosningar meðal barnanna voru haldnar um ýmiss málafni. Börnin tóku þátt í gerð stundaskrá mánaðarins þar sem ýmsar ákvarðanir um viðburði og uppkomur voru teknar. Þannig fengu börnin að hafa áhrif á nám sitt og ákvarðanatöku. Lýðræði var einkennandi meðal starfsfólks og barna. Það kom skýrt fram í þeim viðfangsefnum sem tekin voru fyrir. Nám barnanna er áskorun þar sem starfsfólk tekur þátt af áhuga og frumkvæði, gleði og sköpun eru sterkir þættir í starfi.

Síðasta skólaár höldum við áfram að vinna markvisst með samskipti, stuðst var við góð og jákvæð samskipti í öllu starfi og var lögð áhersla á að samræma vinnuaðferðir.

Lögðum við áherslu á að meta ákveðna þætti í starfinu og hvernig væri best að meta og virkja alla starfsmenn til að taka þátt. Hvernig getum við haft lýðræði að leiðarljósi í öllu starfi, það stendur sérstaklega uppúr hvað það heppnaðist vel.

Á starfsmannafundi var skipt í hópa þvert á deildir, þar sem allir skrifuðu hugmyndir á blað hvað við ætlum að leggja áherslu á að meta í okkar starfi. Síðan var það tekið saman fyrir starfsaðferðir skólans og innra mat. Þar teljum við okkur hafa tekist vel til og fengum við alla til að taka þátt og var almenn ánægja með fyrirkomulagið.

Lögð er mikil áhersla á hjartanærandi samskipti, skapandi hugsun heimspekinnar og uppgötvunarnám á forsendum barnanna. Við lögðum áherslu á skráningu í öllu okkar starfi til að gera starfið sýnilegt fyrir foreldra og samfélagið. Það er gaman hvað starfið í vetur hefur verið skapandi og flott. Það hefur verið unnið út frá áhuga barnanna og lýðræði hefur verið ríkjandi í ákvarðanatöku.

Grunnur að góðu leikskólastarfi er meðal annars að skoða sjálfan sig í starfi sem kennara og þá sýn sem við höfum á nám og þroska barna. Við fagfólkið hvetjum okkar fólk að skoða sjálft sig í starfi og minna sig á allt það sem vel er gert í starfinu og hafa í huga að gagnrýni er alltaf til góðs. Samskiptin einkennast af gleði og virðingu, jákvæðni er höfð að leiðarljósi, mikilvægt er að góð samskipti séu milli allra sem koma að leikskólastarfinu, þetta hefur okkur tekist vel. Kom það vel fram í ytra mati skólans sem er gott veganesti fyrir næsta skólaár.

Við fengum hvatningarverðlun skóla og frístundasviðs fyrir framsækið leikskólastarf. Skerjagarður er afar stoltur af þessari viðurkenningu, það er áskorun fyrir okkur að halda áfram okkar góða starfi. Það er einstaklega góður faghópur hér á Skerjagarði sem leiðbeinir og hvetur kennara sína í að vera virkur þátttakandi í starfi og ákvarðanatöku. Við störfum á jafnréttisgrundvelli allir vinna sem ein heild þannig að kennarar hafi trú á gæðum í leikskólastarfinu okkar. Á síðasta skólaári hefur verið gott og stöðugt starfsmannahald og við hlökkum til næsta skólaárs.

2 Um innra mat í leikskólum

Nám og velferð barna, styrkleikar þeirra og hæfni.

Í starfinu á Skerjagarði er fylgst með alhliða þroska barna, námi, velferð, styrkleikum þeirra og hæfni. Mat á hæfni, námi og velferð barna nær til margra þátta eins og frumkvæði, sköpunarkraft barna, þátttöku í leik úti og inni, áhugasviðs, samkenndar, félagfærni og tjáningu. Þessir þættir eru til grundvallar í öllu okkar starfi.

Leikskólinn notar fjölbreyttar aðferðir til að meta nám, líðan og stöðu barna á Skerjagarði. Það eru gerðar reglulegar skráningar í á framförum allra barna. Fjölbreytt gögn eru lögð til grundvallar á námi og stöðu barna.

Formlegt mat fer fram tvisvar á ári í tengslum við foreldraviðtölin. En þá er safnað saman gögnum frá skráningum úr leik og starfi barnanna. Meðal annars hvernig eru þau að upplifa efniviðinn, eru þau virk á svæðunum, hvernig eru samskiptin og líðan barnsins í hópnum. Eru börnin þátttakendur í vali á viðfangsefnum, reglum, skipulagningu og ákvörðunartöku almennt.

Við mat á þroska og námi barna notum við niðurstöður frá Hljóm og Trash einnig umræður við börn, kennara og foreldra. Við erum með áætlun um mat á námi og velferð barna. Eins og ferlismöppur sem safnað er saman upplýsingum um barnið og upplifun þesss alla skólagönguna. Allar skráningar eru nýttar til að gera styrkleika, áhuga og getu barnanna sýnilega og skippuleggja næstu skref í starfi með þeim. Skráningar eru varðveittar með skipulögðum hætti.

Starfsmenn hverrar deildar undir stjórn deildarstjóra ræða saman um börnin og hvernig þau eru að samsama sig í leiknum og hvernig samskiptin við önnur börn eru. Þessar umræður fara fram alla daga og á deildarfundum. Matið á Skerjagarði er hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind í samvinnu, lagt mat á þau og ákvarðað hvað skal gera í framhaldinu. Settar eru fram umbætur/matsáætlun sem byggja á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og vinna skipulögð út frá þeim niðurstöðum. (Sjá umbótaáætlun í fylgiskjöllum)

2.1 Greinargerð deildarstjóra

2.2 Skýrsla deildarstjóra: Ból

Ból er yngri deild leikskólans þar sem að börnin eru frá 16 mánaða aldri og til að verða þriggja ára. Deildinni er skipt efir aldri þar eru lykilpersónur sem sjá um hvorn aldurshóp fyrir sig. Á Bóli er leitast við að hvert barn fái að njóta sín í barnahópnum og hafi frelsi til að upplifa ólíkan efnivið í leik og starfi. Við notum könnunarleikinn en það er allskonar verðlaus efniviður sem börn hafa frelsi til að kanna og uppgötva og þannig þróa þau með sér notkun efniviðar á fjölbreyttan hátt. Einnig notum við til dæmis leir, jarðleir, liti, vatnsliti, vatn og fleira til að ná fram þessum eiginleika hjá börnum að uppgötva á eigin skinni ólíkan efnivið. Hlutverkaleikur með leikefni við hæfi eins og dúkkur, bílar, kubbar og fleira er notað í daglegu starfi deildarinnar. Börnin læra í gegnum leik að deila með öðrum skiptast á og vera góð við hvort annað.

Þegar líða tók á haustið 2017 þá var starfið metið með umræðum og skráningum á milli starfsmanna deildarinnar og ákveðið var að fara í ákveðnar breytingar sem snúa að samverustundum og hópaskiptingu eldri hóps og hópastarf yngri hóps. Samverustundir urðu markvissari með ákveðnum áherslubreytingum hvað varðar aga, sýnilegt dagskipulag, stundirnar hafa upphaf og endi og börnin fengu ákveðið sæti sem var merkt með mynd og nafni. Eins fara öll börn í hrós röð þegar þau eru að skipta á milli svæða. Við fengum meiri ró og yfirvegum í barnahópinn með þessum breytingum. Hópastarf yngri barna var sett markvisst á morgnanna þar sem að ein lykilmanneskja sá um 4 börn og þau áttu ákveðið viðfangsefni á hverjum degi. Í umræðum milli starfsfólks og ljósmyndaskráningum má sjá að þessi vinna skilaði sér það var minna um árekstara milli barna og þau fengu að uppgötva fjölbreytt rými og efnivið á sinn hátt. Það var sett vinna í að breyta rýmum á deildinni með það fyrir augum að efniviðurinn og bækur yrðu aðgengilegri. Keypt voru skilrúm með bókahillu og hillum þar sem efniviður og bækur eru í hæð barnanna þetta hefur komið vel út. Það kom þó í ljós að frágangur mætti vera markvissari með efnivið og bækur deildarinnar þannig að út frá því ætlum við að leggja áherslu á frágang á deildinni þar sem börnin eru þátttakendur. Á næsta skólaári ætlum við einnig að leggja áherslu á að vinna nánar með hópastarf eða stöðvavinnu barnanna bæði í eldri og yngri hóp og gera ákveðnar breytingar hvað varðar nýtingu mannauðsins þannig að hver starfsmaður fái skýrari ramma hvernig hópastarfið fer fram til dæmis með upphaf og endi og að hver starfsmaður fái ábyrgð á einu svæði í ákveðinn tíma. Þessa þætti munum við svo meta með viðtölum, spurningalistum og skráningum vor 2019

Innra mat Ból

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs. (Sjá fylgiskjöl um umbótaráætlun út frá ytra mati)

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sanverustundir	Skipta barnahópnum í minni hópa. Hafa fár skýrar reglur. Börnin eiga föst sæti. Fastir liðir í hverri stund: dagskipulag og dagarnir.	Tveir hópar. Reglur myndrænar upp á vegg. Sætin eru merkt með mynd og nafni. Myndrænt dagskipulag og dagarnir.	Haust 2017. Lokið vor 2018.	Leikskólastjóri / Deildarstjóri,	Umræður í starfinu. Umræður á deildafundum.	Markvissari samverustundir og meiri vallíðan í barnahópnum.

Umbótaþættir sem á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Stöðvavinna /svæðaskipting	Kennarar eiga sína starfsstöð mánuð í senn. Og starfslýsing verði skýrari.	Fyrirfram ákveðið hvaða verkefni/leikefni hver kennari býður up á á sinni stöð.	Næsta skólaárið 2018-2019	Deildarstjóri og hópstjórar	Skráning á þar til gerð eyðublöð og Ljósmyndir. Umræður og niðurstöður dregnar saman á deildarfundum einu sinni í mánuði.	Kennarar finni sig öruggan á sínu svæði. Rými deildarinnar nýtist sem best.

2.3 Greinargerð deildarstjóra

2.4 Skýrsla deildarstjóra: Bakka

Börnin á Bakka unnu eftir könnunaraðferðinni sem heppnaðist vel. Yngri börnin tóku fyrir „hafið“ og „nánasta umhverfið“. Það var útfært á fjölbreyttan hátt. Margar fjöruferðir voru farnar og ýmis efniviður tekin með heim sem var rannsakaður og skoðaður. Börnin sáu marglyttu í fjörunni og vakti hún sérstakan áhuga, þau voru með stækkunargler sem þau notuðu til að skoða hana betur. Þau voru öll hugfangin og vegna áhugans var hún var tekin sérstaklega fyrir. Ýmis verkefni voru unnin í tengslum við þetta verkefni og það útfært á fjölbreyttan hátt m.a með jarðleir, pappamassa og sögugerð.

Eldri börnin á Bakka tóku fyrir Víkingapema, en áhuginn kviknaði út frá styttunni af Geirfuglinum í fjörunni í Skerjafirðinum. Börnin komu með spurningar um hvar lifandi Geirfugla væri að finna. Þá byrjaði rannsóknarvinna sem leiddi börnin yfir í sérstakann áhuga á víkingum. Gerð var skrifleg áætlun með börnunum, hvað þau vildu vita, hvað væri hægt að gera og hvað væri hægt að skoða. Það var farið á bókasafn, á netið, farið á söfn og farið í vettvangsferðir. Börnin gerðu öll fyrstu mynd með skráningu í byrjun og síðar um veturinn gerðu þau öll einstaklings þrívíddarverkefni úr pappamassa að eigin vali tengt efninu. Þau sömdu Víkingaleikrit og saumuðu sína eigin búninga, síðan héldu þau leikskýningu fyrir foreldra og aðra gesti. Þetta var einstaklega skemmtilegt verkefni sem fléttaðist inn í allt starfið og yfir í frjálsa leikinn.

Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá hvað kennarar/ starfsfólk gátu tengt viðfangsefnið með börnunum út frá grunnþáttum menntunar sem tengt var við hugmyndvef, þannig að öllum þáttum voru gerð góð skil.

Lýðræði barna er okkur mikilvægt og lögðum við sérstaka áherslu á að efla það í vetur. Við gerðum það með ýmsum hætti og með frábærum árangri sem hvetur okkur til að gera enn betur næsta vetur. Börnin voru með í að skipuleggja stundaskrá mánaðarins þar sem teknar voru ákvarðanir um ýmsa viðburði og málefni. Börnin gengu til kosninga á sérstökum dögum um hvað ætti að vera t.d í matinn. Við fléttum einnig lýðræðið bæði í íþróttir sem tveir elstu árgangarnir taka þátt í íþróttahúsi en þar er kosið um síðasa leik eftir tímann og í tónlist sem öll börn á Skerjagarði fara í einu sinni í viku. En þar er kosið um síðasta dans. Við sjáum einstaklega mikinn mun á hvað öll börn eiga auðveldara með að koma með sínar skoðanir og standa við þær eftir að við lögðum meiri áherslu á lýðræðið. Þau eru bæði sjálfsöruggari og ánægðari með að hafa áhrif á nám sitt og að á þau sé hlustað.

Íþróttakennsla var fyrir elsta árganginn aðra hverja viku í íþróttahúsi KR. Þar fórum við í skipulagða leiki og æfum þol, styrk og samhæfingu. Við höfum tímana fjölbreytta og notum ýmsar stöðvar og léttar þrautir. Upphaf og endir eru alltaf eins, upphitun og teygjur í lokin.

Tónlist og dans hefur verið ríkjandi þáttur á Skerjagarði í vetur og verður áfram. Við teljum tónlist vera mikilvægan þátt í þroska barna þar sem það eflir marga þætti sem stuðla að sjálfsöryggi, lífsgleði og eflir félgsþroskann. Í tónlistarstundum er víða komið við, við vinnum með taktinn, notum hljóðfæri, æfum hlustun og dönsum léttu barnadansa. Elstu börnin tóku þátt í barnamenningahátíðinni í samstarfi við Tónskóla Sigrusveins í Hörpu sem var einstaklega skemmtileg upplifun og við munum einnig taka þátt í henni á næsta skólaári.

Innra mat Bakka

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs. (Sjá fylgiskjöl um umbótaráætlun út frá ytra mati)

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta?						
Samverustundir	Að samverustundir verði markvissari og meiri ró, festa og vellíðan í barnahópinn.	Skipta barnahópnum, færri börn í samveru. Börnin eiga sín föstu sæti. Sama upphaf, sýnilegt dagskipulag og farið yfir dagana.	Hófst haust 2017 og lokið haust 2017.	Sara og Sigrún.	Á deilda - fundum.	Börnunum líður vel í samveru ró í barnahópnum og markvissar samverustundir.

Umbótaþættir sem á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Sjá frekari umbótaráætlun frá ytra mati í fylgiskjöllum.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðil i	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hvað þarf að bæta? Gera einkunnarorð sýnilegri, þannig að foreldrar og börn veiti þeim athygli.	Að vinna með börnunum hvað þýða þessi einkunnarorð hver er þeirra skilningur á þeim.	Vinna í hópum með elstu börnum skólans. Umræður, myndir. teikningar. (Gleði, Frumkvæði og Sköpun)	Vinna hefst haustið 2018 og lokið haust 2019.	Sigrún/ Sara	Vinna með einkunnarorðin í litlum hópum með börnunum. Útbúnað opnar spurningar um einkunnarorðin þar sem hugmyndir og skilningur barnanna á þeim eru tekin saman.	Einkunnarorð skólans verði sýnileg og skiljanleg fyrir leikskólasamfélagið.

3 Ytra mat

Mat var gert á leikskólastarfinu á vegum Reykjavíkurborg skóla- og frístundarsvið. Tilgangurinn var að gera mat á leikskólastarfinu með það að markmiði að vera leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað. Leiðarljós matsins er að stuðla að betri skóla þar sem börnum líður vel og fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf. Matsaðferð var þannig að gagnaöflun átti sér stað í leikskólanum 20 – 24 nóvember. Matið byggir á gögnum frá leikskólanum eins og niðurstöðum viðtala og rýnihópa starfsfólks, foreldra og barna. Gerð var foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugun á báðum deildum skólans. Helstu niðurstöður voru að leikskólanum er stjórnað af fagmennsku, góðu skipulagi og miklum metnaði. Starfið einkennist af virðingu fyrir börnunum, styrkleikeikum þeirra og áhuga. Lýðræðisleg vinnubrögð eru í hávegum höfð í leik og starfi. Starfsfólk vinnur að fagmennsku með hag barna og nám þeirra að leiðarljósi. Umbótaráætlun sem gerð var út frá ytra mati starfsárið 2017 – 2018 má sjá í fylgiskjali.

4 Greinargerð sérkennslustjóra

Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum og hve margir sinna því hlutverki?

Það eru tvö börn sem njóta stuðnings á Skerjagarði og Sara Dögg Guðmundsdóttir sérkennslustjóri leiðir sérkennsluna.

Samvinna sérkennslustjóra og starfsmanna, fræðsla, ráðgjöf og stuðningur.

Starfsfólk fær upplýsingar og stuðning til að framfylgja markmiðum einstaklingsnámsskrá, farið er yfir hvert barn á starfsdegi á haustin og á deildarfundum. Lögð er áhersla á að íhlutun fari sem mest fram í daglegu starfi og leik.

Áætlun um málörvun í leikskólanum.

- Unnið er að málörvun í öllu starfi leikskólans.
- Leggjum orð á athafnir í dagleglegu starfi
- Hafa Orðaforðalistann til hliðsjónar.
- Við notum Lubba í samverustundum
- Verkefni úr bókinni Ljáðu mér eyra notum við í vinnustundum með elstu börnunum
- Við vinnum með hugmyndavef þar sem hugmyndir barnanna eru skráðar niður.
- Við leggjum áherslu á þulur og rím við þau viðfangsefni sem tekin eru fyrir, eins og í *hópastarfi/könnunaraðferð og samverustundum*.
- Börnin fá tækifæri til að tjá upplifun sína í máli og myndum. T.d í vetur unnu börnin í sögugerð, ljóðagerð þar sem unnið var með rím og börnin æfa sig að setja í rétta atburðarás.

Bækur sem stuðst er við

- *Ljáðu mér eyra, undirbúningur fyrir lestur*, (Ásthildur Bj. Snorradóttir og Valdís B. Guðjónsdóttir talmeinafræðingar, 2001) .
- Lærum og leikum með hljóðin eftir Bryndísi Guðmundsdóttir.
- *Markviss málörvun- þjálfun Hljóðkerfisvitundar* (Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir, 1999).
- Orðaspjall. Leikskólinn Tjarnarsel. 2013. Árdís Hrönn Jónsdóttir
- Deildarstjórar og leikskólastjóri eru ábyrgir fyrir því að læsistefnunni sé framfylgt og endurmetin. Læsisstefnan er metin á deildarfundum og fagfundum í lok skólaárs.
(sjá fylgiskjöl)
- Lubbi finnur málbein íslensku málhljóðin sýnd og sungin. Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir. 2009.
- Orðaforðalisti Hugtök sem æskilegt er að börn á leikskólaldri hafi á valdi sínu. Menntamálastofnun 2017.

Áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum. Lögð er áhersla á forvarnarstarf til að stuðla markvisst að velferð barna.

- leikskólastjóri og ábyrgðarmaður sérkennslu í samvinnu við foreldra skoða frávík.
- Rætt á deildarfundum við starfsmenn/ kennara deilda. Athuganir eru gerðar.
- Haft er samband við þjónustumiðstöð og sérkennsluráðgafi fengin til samstarfs.
- Ábyrgðarmaður sérkennslu gerir áætlun með sérkennsluráðgafa.
- Beiðni um athugun sérfræðinga þjónustumiðstöðvar
- Niðurstöður metnar og foreldrum kynntar niðurstöður
- Einstaklingsnámsskrá
 1. Markmið eru sett niður
 2. Hvernig þau skulu framkvæmd og hvar
 3. Farið yfir með starfsfólki deildar

Við notum viðurkennda matslista til að meta og vinna með frávík.

Matslistar

- Íslenski þroskalistinn
- TRAS
- HLJÓM
- ABLLS
- ORÐASKIL
- Atferliskráning

Gerð einstaklingsnámskrár, hverjir koma að gerð hennar og hvernig er þær notaðar í starfinu?

Einstaklingsnámskrá er unnin af Söru Dögg Guðmundsdóttur ábyrgðamanns sérkennslu í samvinnu við Söldísi Harðardóttur leikskólastjóra, foreldra og fagaðila. Markmiðin eru sértæk og árangurstengd, við höfum styrkleika barnsins ávallt í huga. Markmið eru sett niður, hvernig þau skulu framkvæmd og hvar. Árangur er metin á hverju misseri, oftast ef það á við og fylgst með hvort áherslubreyting eða frekari greining sé þörf. Upplýsingar um börn með sérþarfir er skilað til grunnskóla með skipulögðum hætti alltaf í samráði við foreldra.

Samstarf við foreldra/forráðamenn, teymisfundir og annar stuðningur til foreldra, fræðsla og ráðgjöf.

Haldnir eru teymisfundir og foreldrar upplýstir um íhlutun barna sinna. Foreldrar eru með í ráðum og koma með athugasemdir. Foreldrar eru þátttakendur í einstaklingsnámskrá. Samskiptabækur/síður eru notaðar þegar samskipti þurfa að vera ítarlegri og reglulegri. Foreldrar geta einnig leitað til leikskólans eftir ráðum annahvort í gegnum póst, símann eða óskað eftir viðtali.

Samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir

Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá þjónustumiðstöðinni. Samráðsfundir eru haldnir tvisvar á ári með sérfræðingum frá þjónustumiðstöð þar sem við ræðum um börn sem okkur grunar um þroskafrávik og við fáum samtal og ráð um næstu skref. Við höfum sérkennsluráðgjafara frá þjónustumiðstöð Miðborgar/Hlíða og Vesturbæjar sem starfar með okkur í teymi þegar barn hefur fengið íhlutun. Einnig höfum við verið í samstarfi við sérfræðinga frá æfingastöðinni og talmeinafræðinga.

Umbætur út frá niðurstöðum innra mats síðasta starfsárs.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Sérkennslugögn	Fara yfir sérkennslugögn leikskólans. Kynna sér sérkennslugögn sem gagnast í starfi á Skerjagarði.	Ný kennslugögn keypt með tilliti til kennslu vetrarins.	Haustið 2017, lokið vor 2018.	Sóldís og Sara.	Kennslugögn yfirfarin á haustin og endurbætur gerðar.	Kennslugögn keypt, markmiði náð.

Umbótaþættir sem á að vinna sérstaklega með og meta á starfsárinu 2018-2019.

Umbótaþættir	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tímaáætlun	Ábyrgðaraðili	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Verkferlar vegna sérfræðipjónustu eru skýrir og aðgengilegir bæði starfsfólki og foreldra.	Starfsfólk þekki verkferla vegna sérfræðipjónustu. Foreldrum þekki okkar verkferla við snemmtæka íhlutun.	Kynning fyrir starfsfólki á starfsdegi. Verkferlar kynntir foreldrum á foreldrafundi ef grunur er um þroskafrávik.	Á starfsdegi að hausti fyrir starfsfólk. Á foreldrafundum ef þarf.	Sóldís og Sara.	Í starfsþróunarviðtölum/ leiðbeiningarsamtölum í febrúar/mars.	Starfsfólk og foreldrar þekkja verkferla snemmtækrar íhlutunar

5 Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Hvernig er unnið með fjölmennningarlegt leikskólastarf?

Á leikskólanum Skerjagarði eru 50 börn og undanfarin ár höfum við verið með eitt til tvö börn að erlendum uppruna. Við höfum mætt þörfum þeirra eftir bestu getu. Þegar barn byrjar í leikskólanum þá er fyrsta viðtal við foreldra þar sem við tölum um væntingar foreldra, menningu, trúmál og annað sem tengist barninu. Á Skerjagarði berum við virðingu fyrir þörfum og skoðunum annarra. Við reynum eftir fremsta megni að mæta ólíkum þörfum allra. Stjórnendur skólans hafa tekið að sér að miðla til starfsfólks ef það eru sérstakir þættir sem hafa þarf í huga varðandi hvert barn af erlendum uppruna. Tengiliður fjölmenningar í leikskólanum er Sara Dögg Guðmundsdóttir sem sér um sérkennsluna á Skerjagarði. Með því að ýta undir fjölmenningu stuðlum við að mannréttindum, lýðræði og jafnrétti. Börn sem eiga annað móðurmál en íslensku fá sérstakan stuðning og málörvun í íslensku. Fagfólk leikskólans sér um að miðla til annarra starfsmanna og foreldra og að markmiðum og leiðum sé náð í fjölmenningu.

Fræðsla og ráðgjöf til starfsfólks

Í starfsmannahandbók sem að allir starfsmenn kynna sér kemur fram hvernig við fléttum fjölmenningu inn í okkar skipulagða starf.

Fjölbreytt heimamenning og tungumál

Börn af erlendum uppruna sem eru á Skerjagarði hafa staðið til boða að koma með til dæmis tónlist, myndir og fleira frá sínu heimalandi. Við höfum haft fánadag, þar sem börn af erlendum uppruna/tvítyngd hafa komið með fána að heiman og sagt frá heimalandinu sínu. Einnig höfum við haft svokallaðan minningardag þar sem börnin koma með eitthvað að heiman til að segja frá, það getur verið ljósmynd, eða einhver hlutur sem vekur áhuga. Með þessu tengjum við heimamenningu barnanna við leikskólastarfið. Með okkar fjölbreyttu náms og starfsháttum ásamt barnalýðræði komum við til móts við þarfir allra barna. Með könnunarnáminu erum við að stuðla að börnin séu virkir þátttakendur í námi sínu óháð uppruna sínum og menningu. Öll börn standa jafnfætis og hver einstaklingur fær að njóta sín eftir eigin getu og forsendum.

Samskipti og virk þátttaka í fjölbreyttum barnahóp

Við leggjum áherslu á litla hópa þar sem kennari hefur yfirsýn að allir séu virkir og taki þátt. Börnin fá tækifæri til að tjá skoðanir og langarnir. Skráning er alltaf hluti af okkar starfi þannig að vel er fylgst með hverju barni.

Hvernig er unnið með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi

Við erum með markvissar og litlar samverustundir. Þar lesum við bækur sem eru valdar með tilliti til barnahópsins. Við leggjum áherslu á að velja bækur þar sem litarháttur, kyn og umfjöllunarefnið er fjölbreytt og endurspeglar ólíka einstaklinga.

Markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforði)

Við notum orðaskil til að fylgjast með orðaforða einnig notum við TRAS og Hljóm-2. Við leggjum áherslu á að starfsmenn leggi orð á allar athafnir dagsins og við höfum dagskipulagið myndrænt og sýnilegt. Ritmál er sýnilegt, börnin eiga sín sæti sem eru merkt og helstu innanstokksmunir eru merktir.

Hvernig er orðforði dýpkaður, með hvaða aðferðum?

Við erum með fjölbreytt spil og gögn sem við vinnum með í litlum hópum. Við notum kennslugögn frá Super Duper Publications þar sem við vinum með spurnarfornöfn, afstöðuhugtök, setningaröðun og fleira. Við notum ljáðu mér eyra með eldri börnunum. Við leggjum áherslu á þulur, ljóð, söngva og lestur í daglegu starfi.

Hvaða leiðir eru farnar til að fylgjast með framförum barna?

Farið er yfir einstaklingsnámsskrá og athugað hvort markmiðum hefur verið náð. Í samtali við foreldra og starfsfólk viðkomandi deildar um framfarir hjá barninu og hvað er næsta skref í einstaklingsnámsskrá. Við notum skráningar í öllu okkar starfi, barn á ferilsmöppu þar sem við fylgjumst með þroskaframvindu barna frá upphafi skólagöngu þar til það fer í grunnskóla.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Góð samskipti er grunnur að góðu starfi, samræma vinnuaðferðir og hvernig við komum fram við börnin af kærleika og hlýju. Því er ákveðinn leiðarvísir um samskipti sem farið er yfir reglulega á deildarfundum og starfsdögum. Nýtt starfsfólk fær leiðbeiningaviðtöl þar sem fjallað er sérstaklega um hjartanærandi samskipti.

Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtal fara fram á skrifstofu leikskólastjóra einu sinni á ári og fá starfsmenn þá punkta með áhersluatriðum í viðtalinu þannig að þeir geti undirbúið sig. Viðtölin fara fram í febrúar-mars. Leiðbeiningarviðtöl eru á þriggja vikna fresti með nýjum starfsmönnum og þar eru fyllt út þar til gerð eyðublöð.

Símenntun frá síðasta ári

- Ráðstefna hjá samtökum atvinnuífsins. Fjölbreyttar leiðir til framtíðar (Fjórir kennarar)
- Dagur skólastjórnanda. SSK (Leikskóla- og aðstoðarleikstjóri)
- Virkni starfsmanna. Sara Dögg Guðmundsdóttir (Allir)
- Skyndihjálparnámskeið. Bráðaskólinn (Allir)
- Fræðslufundur um markviss vinnubrögð með mál og læsi í leik – og grunnskólum (Kennari)
- Röskun á einhverfurófi grunnnámskeið. Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins (Starfsmaður)
- Námskeið í innra mati. Skóla – og frístundasvið (Kennari)
- Námskeið um starfsmannahald/starfsánægju. SSK (Leikskólastjóri)
- Fagnámskeið 1. Fyrir leikskóla starfsfólk. Efling (Starfsmaður)
- Fagnámskeið 2. Fyrir leikskóla starfsfólk. Efling (Starfsmaður)
- Námskeið um skráningu. Kristín Hildur Ólafsdóttir (Allir)

Áætlun um símenntun í leikskólanum

Við á Skerjagarði höfum sett okkur skýr markmið um gæði og fagmennsku í starfi og leiðir til að ná þeim markmiðum eru skýrar. Við erum með símenntun sem tekur mið af umbótaráætlun á hverju ári. Fagfólkið og annað starfsfólk hefur lagt sig fram við að skoða sig í starfi og meta það sem betur má fara. Starfsþróun leikskólans fyrir næsta skólaár er að skoða þau námskeið sem verða í boði hverju sinni og aðra fræðslu sem býðst n.k. vetur sem tengist starfi leikskólans, það sem búið er að ákveða fyrir næsta skólár er :

- Læsisráðstefna. Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri og Menntamálastofnun (Allir)
- Skráningar sem mat á leikskólastarfi. (Allir)
- Námsferð til Brighton. Story telling og útikennsla. (Allir)
- Kynna okkur og dýpka okkur í yngri barna starfi.

7 Foreldrasamvinna

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína á Skerjagarði verða foreldrar/forráðmenn meðlimir í foreldrafélaginu. Kosið er í stjórn foreldrafélagsins einu sinni á ári.

Foreldrafélag /foreldraráð Skerjagarðs.

- Telma Magnúsdóttir gjaldkeri
- Súsanna Pétursdóttir formaður
- Ólöf Viktorsdóttir meðstjórnandi.
- Guðrún Dóra Steindórsdóttir meðstjórnandi.
- Steinunn Bergs ritari
- Anna Lúðvíksdóttir meðstjórnandi.

Markmið

- Að hafa gaman saman og foreldrar hafi tækifæri á að taka þátt og hafa áhrif á leikskólastarfið.
- Efla sammvinnu og samskipti leikskólans við fjölskyldur.
- Að stuðla að góðu upplýsingastreymi til foreldra.
- Að gagnkvæm virðing ríki á milli starfsfólks og foreldra
- Standa fyrir fræðsluvöldi fyrir foreldra á hverju skólaári.

Foreldrar greiða tvisvar á ári í foreldrafélagið, foreldrafélagið hefur notað þá peninga sem inn koma til að taka þátt í ýmsum uppákomum. Jólaball í Frostaskjóli með foreldrum og systkinum ásamt starfsfólki. Á opnu húsi í maí gefur foreldrafélagið útskriftarnemum pennaveski. Foreldrar koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð. Farið er í sveitaferð með foreldrum, systkinum og starfsfólki leikskólans.

Heimsóknardagar eru tvisvar á ári á Bakka og einu sinni á ári á Bóli, þar sem foreldrar geta komið í heimsókn og kynnst leikskólastarfinu. Þessar uppákomur eru góður vettvangur fyrir foreldra og starfsfólk að kynnst, skiptast á skoðunum og sameinar alla aðila um að gera góðan leikskóla enn betri. Lögð er áhersla á gott upplýsingaflæði í gegnum heimasíðu, facebook síðu foreldra, tölvupóst, fréttabréf, stundaskrá mánaðarins og upplýsingatöflum í fataklefum.

Foreldrafundir og foreldraviðtöl

- Nýir foreldrar eru boðaðir í viðtal við deildarstjóra og leikskólastjóra. Þar sem við kynnum fyrir þeim starfið á Skerjagarði og hvernig þátttökuaðlögun er háttað. Væntingar foreldra til leikskólans eru ræddar ásamt ýmsum hagnýtum upplýsingum um barnið.
- Foreldrakynning á eldri deild er að hausti þar sem starfið og starfsfólk er kynnt.
- Foreldraviðtöl eru að hausti og vori. Þar er farið yfir almennan þroska og líðan barnsins ásamt væntingum foreldra til leikskólans. Farið er yfir einstaklingsnámsskrá og ferilsbók.

8 Samstarf leik- og grunnskóla

Áætlun vetrarins

Börnin á Skerjagarði fara í heimsókn í Melaskóla. Í febrúar er bókasafn Melaskóla heimsótt og skólastofur skoðaðar. Í mars er farið í leikfimi og frímínútur, í apríl er farið í Selið (frístundaheimilið). Síðan er foreldrum boðið í heimsókn með börnum sínum í maí. Í desember er kirkjuheimsókn og hlustað er á helgileik frá nemendum Melaskóla. Stefnt er að því að setja á heimsóknir frá grunnskóla til leikskóla í maí / júní sú skipulagning er í vinnslu.

Samstarfsverkefni.

Samvinna er á milli leik- og grunnskóla, Aðalmarkmið samstarfs leikskóla og grunnskóla er að stuðla að vellíðan barnanna við flutning á milli skólastiga. Nokkrir fundir hafa verið í vetur um samstarfsverkefni um læsistefnu í vesturbænum. Skólarnir hafa einsett sér að skapa lærdóms umhverfi fyrir börn sem ýtir undir áhuga þeirra á sögum, lestri bóka sagnagerð, hljóðum og ýmsum táknum. Á fundunum hafa kennarar 1. bekkja í Melaskóla lagt áherslu á hvað börnin þekki fyrir grunnskóla, eins og grip, klippa, þekkja nafnið sitt og kunna að fara í röð svo eitthvað sé nefnt.

Að nokkru leiti er búið að ákveða hvaða upplýsingar eiga að fylgja hverju barni á milli skólastiga. Það verður sérstaklega lögð áhersla á styrkleika barnsins og áhugasvið þess einnig hagnýt atriði sem gætu hjálpað barninu við flutninginn. Í ár fara börnin með ferilsmöppu sína frá leikskólagöngunni á fyrsta fund með kennara og foreldrum í ágúst. Einnig hafa börnin svarað spurningum um sjálf sig sem þau telja að sé gott fyrir kennarann að vita. Það form var ákveðið á sameiginlegum fundi leik- og grunnskóla. Önnur gögn sem kennarar skila af sér á milli skólastiga eins og niðurstöður úr Hljóm – 2 og öðrum athugunum þurfa foreldrar að gefa skriflegt samþykki fyrir.

9 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar verða 22. sept, 21. des, 18. Jan og 26. apríl.

18. janúar er sameiginlegur við starfsdaga skóla í vesturbænum.

Það er í raun eini dagur sem getur verið sameiginlegur sem hentar okkur.

Þar sem við erum að fara í námsferð á þessu ári.

(Sjá fylgiskjal).

10 Fylgigögn

10.1 Matsgögn

10.2 Umsögn foreldraráðs

Reykjavík 01.júlí 2018.

Sóldís Harðardóttir leikskólastjóri á Skerjagarði.

Gátlisti: Frágangur á leikföngum

Mánuður/ vika	Starfsmaður	deild

Öll leikföng flokkuð í rétta kassa á réttum stað. Bækur í hilum	Já	Að hluta	Nei	Athugasemdir
Mánudagur				
Þriðjudagur				
Miðvikudagur				
Fimmtudagur				
Föstudagur				

Gátlisti: stöðvavinna/svæðaskipting

Mánuður	Starfsmaður

Starfslýsing á svæðinu

<i>Hvaða börn voru á svæðinu.</i>	<i>Dags-setning</i>	<i>Hvað var gert? Skráning í ferlinu.</i>	<i>Hvernig gekk? Voru börnin virk?</i>

Umræður og niðurstöður eftir stöðvavinnu/ svæðaskiptingu

- Náðir þú að skrá þegar þú varst á svæðinu?
- Voru börnin virk?
- Hvernig leið þér á svæðinu?
- Er eitthvað sem að þú vilt hafa öðruvísi?



Leikskóladagatal 2018 - 2019

Leikskólinn Skerjagarður

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M	1 L	1 M	1 F Foreldraviðtöl Bakki	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F Dagur stærðfræðinnar	1 F	1 M	1 M Verkalýðsdagurinn	1 L	1 M
2 F	2 S	2 Þ	2 F Foreldraviðtöl Bakki	2 S	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 F	2 S Sjömannadagurinn	2 Þ
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 S	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 M	4 M Bolludagur	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ	5 Þ Sprengidagur	5 F	5 S	5 M	5 F
6 M Fridagur verslunarmanna	6 F	6 L	6 Þ	6 F	6 S Þrettándinn	6 M Dagur leikskólans	6 M Öskudagur	6 L	6 M	6 F	6 L
7 Þ Opnum eftir sumarfrí	7 F	7 S	7 M	7 F Jólaball í Frostaskjól	7 M	7 F	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 M	8 L Dagur læsis	8 M	8 F Baráttudagur gegn einelti	8 L	8 Þ	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 F	9 S	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 L	9 L	9 Þ	9 F	9 S Hvítasunnudagur	9 Þ
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 S	10 M	10 F	10 M Annar í hvítasunnu	10 M
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 M	11 M	11 F	11 L Opið Hús	11 Þ	11 F
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 M	14 F	14 F	14 S Pálmasunnudagur	14 Þ	14 F	14 S
15 M	15 L	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 F	16 S Dagur íslenskrar náttúru	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 M	17 M	17 L	17 M	17 F	17 S Konudagur	17 S	17 M	17 F	17 M Lyðveldisdagurinn	17 M
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ	18 F Starfsdagur / lokað	18 M	18 M	18 F Skírdagur	18 L	18 Þ	18 F
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M	19 L	19 Þ	19 Þ	19 F Fostudagurinn langi	19 S	19 M	19 F
20 M	20 F	20 L	20 Þ Dagur mannréttinda barna	20 F	20 S	20 M	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Starfsdagur / lokað	21 M	21 F	21 F	21 S Þískudagur	21 Þ	21 F	21 S
22 M	22 L	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 F	22 M Annar í páskaum	22 M	22 L	22 M
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S Þorláksmessa	23 M	23 L	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 S	24 M	24 F Sveitaferð	24 M	24 M
25 L	25 Þ	25 F	25 S	25 Þ Jóladagur	25 F Bóndadagur	25 M	25 M	25 F Sumardagurinn fyrsti	25 L	25 Þ	25 F
26 S	26 M Evrópski tungumáladagurinn	26 F	26 M	26 M Annar í jólaum	26 L	26 Þ	26 Þ	26 F Starfsdagur / lokað	26 S	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 Þ	28 F Starfsdagur / lokað	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ		29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 F	30 S	30 Þ Foreldraviðtöl Ból	30 F	30 S	30 M		30 L	30 Þ	30 F Uppstigningardagur	30 S	30 Þ
31 F		31 M Foreldraviðtöl Ból		31 M Gamlársdagur	31 F		31 S		31 F		31 M

Starfsáætlun 2018 – 2019

Leikskólinn Skerjagarður

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Súsanna Pétursdóttir, formaður

Telma Magnúsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Dóra Steindórsdóttir, ritari

Ólöf Viktorsdóttir

Steinunn Bergs

Sóldís Harðardóttir, tengiliður leikskólans

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Heildarfjöldi barna, og fjöldi barna sem njóta sérkennslu og barna af erlendum uppruna.
- Foreldraráð, foreldrafélag, foreldrafundir og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið. Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans Skerjagarðs hefur fengið starfsáætlun Skerjagarðs fyrir árið 2018-2019 og lýsir ráðið yfir almennti ánægju með starfsáætlun leikskólans Skerjagarðs, sem og starfið sem unnið hefur verið síðasta árið. Að mati ráðsins er á leikskólanum Skerjagarði unnið metnaðarfullt og einstaklega faglegt og gott starf sem tekur mið af áhugasviði barnanna auk eflingu mikilvægra þátta í félagsfærni þeirra.

Umbótaáætlunin gefur til kynna að stjórnendur leikskólans haldi áfram á sömu framfara braut og síðastliðin ár en færi um leið starfið enn frekar í fastar skorður og dreifi ábyrgð á starfinu til allra starfsmanna, með því að virkja alla starfsmenn til að taka þátt í hugmynda- og umbótastarfinu. Þá er aukin áhersla á að fræða börnin sjálf um gildi leikskólans og börnunum áfram gefið færi á að taka þátt í stefnumótun eigin starfs. Afar jákvætt er að börnunum sé á þennan hátt gefinn kostur á að taka þátt í beinu lýðræði, að þau fái færi á að finna að skoðanir þeirra skipti máli og að á þau sé hlustað þegar ákvarðanir sem varða þau sjálf eru teknar.

Hin aukna áhersla á útikennslu hefur mælst vel fyrir, og sérstaklega ánægjulegt hvernig nánasta umhverfi leikskólans hefur verið nýtt til bæði leiks og kennslu þegar færi hefur gefist. Þannig hefur starfssvæði leikskólans verið aukið og þar með vegið upp á móti annars þröngu húsnæði leikskólans. Þetta er m.a. gert með tíðum vettvangsferðum; t.d. heimsóknum á bókasöfn, fjöruferðum og öðrum skoðunarferðum um borgina þar sem forvitni og áhugi barnanna sjálfra hefur fengið að blómstra með aðstoð áhugasamra kennara.

Samskipti foreldra og starfsmanna eru mjög góð, almennt má finna fyrir að starfsfólki er mjög umhugað um velferð barnanna og að vel sé hugsað um börnin á Skerjagarði.

Foreldrar fá í upphafi hvers mánaðar upplýsingar um bæði matseðil mánaðarins og dagskrá deildarinnar. Þáttaka foreldra í starfi leikskólans er boðin velkomin og almennt er vel í það tekið ef foreldrar koma með athugasemdir eða tillögur að úrbótum í starfi.

Þá er gott að sjá að starfsandinn á leikskólanum virðist vera einstaklega góður, enda er ánægja starfsmanna mikilvæg til að skapa nauðsynlega festu í starfi skólans, sem svo skilar sér í aukinni ánægju barnanna.

Hin mikla gleði sem sést hjá bæði börnunum og starfsfólki leikskólans er afskaplega einkennandi fyrir starfsemi Skerjagarðs, en einnig ber að nefna hina miklu virðingu fyrir börnunum sjálfum og áhuga þeirra sem einkenna hið frábæra starf sem unnið er á leikskólanum Skerjagarði.

Súsanna Pétursdóttir, formaður